



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Tillaga um fyrirkomulag sorphirðu við sérbylí í kjölfar breytinga á hirðu í Reykjavík árið 2023

Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa umhverfisgæða vinnur nú að undirbúningi breytinga á sorphirðu í Reykjavík. Er stefnt að samræmingu flokkunar og hirðu á höfuðborgarsvæðinu og innleiðingu nýrra lagaákvæða um hringrásarhagkerfi, að fjórum úrgangsflokkum verði safnað við hvert heimili. Ákveða þarf hvernig sorphlát verða við sérbylíshús í Reykjavík við breytingar á sorphirðu. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi fyrirkomulag við breytingu á ílátafjölda við sérbylí í Reykjavík:

Ílátafjöldi við heimili taki mið af þeim fjölda sem er fyrir. Þannig verði frá tveimur upp í fjögur ílát við sérbylíshús, ílátum fjölgi eingöngu við þau hús þar sem eitt í lát er fyrir. Breytingin verði þá þessi:

- *Ef ein tunna fyrir blandað sorp er við hús: Ílátinu skipt út fyrir tvískipta tunnu fyrir blandað sorp og lífrænan eldhúsúrgang og bætt við tvískiptu íláti fyrir pappír og plast. Ílátum fjölgar um eitt*
- *Ef tvær tunnur eru við hús - tunna fyrir blandað sorp og tunna fyrir pappír eða plast: Báðum ílátum skipt út fyrir tvær tvískiptar tunnur. Ílátafjöldi helst óbreyttur.*
- *Ef þrjár tunnur eru við hús - fyrir blandað, pappír og plast: Íláti fyrir blandað sorp skipt út fyrir tvískipt ílát fyrir blandað og lífrænan eldhúsúrgang. Ílátafjöldi helst óbreyttur.*
- *Ef fjórar tunnur eru við hús: Breyting óþörf.*

Greinargerð með tillögum:

Með nýju flokkunar- og hirðukerfi verður hafin söfnun á fjórum úrgangsflokkum við heimili – pappír, plasti, lífrænum eldhúsúrgangi og blönduðu sorpi. Reynt verður að mæta þörfum íbúa hvað varðar rýmd í sorpgeymslum með tvískiptum ílátum og breytti hirðutíðni. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu munu fara mismunandi leiðir hvað þetta varðar við sérbylí þar sem hirðufyrirkomulag og fjöldi íláta er mismunandi í dag. Hvernig skuli flokka og hvaða flokkar eru hirtir við heimili verður samræmt í sveitarfélögunum.

Þannig mun Hafnarfjörður skipta út öllum ílátum sem eru við sérbylí í dag og setja tvær tvískiptar tunnur við hvert sérbylí, aðra fyrir flokkana blandað sorp og lífrænan eldhúsúrgang og hina fyrir pappír og plast. Kópavogur ætlar hins vegar að nýta þau ílát sem fyrir eru og eingöngu bæta við einni tvískiptri tunnu fyrir blandað sorp og lífrænan eldhúsúrgang, þær tvær sem fyrir eru verða nýttar fyrir pappír og plast. Þannig verða þrjár tunnur við sérbylí í Kópavogi. Sú leið sem Hafnarfjörður fer er dýrari í innleiðingu en leiðin sem Kópavogur fer kallar á að einhverjir íbúar þurfa að stækka sínar sorpgeymslur.

Í Reykjavík hafa ílát fyrir endurvinnsluefni – pappír (blá), plast (græn) og lífrænan eldhúsúrgang (brún) verið val íbúa. Íbúar hafa getað skilað endurvinnsluefnum á grenndarstöðvar og verið eingöngu með ílát fyrir blandað sorp við heimili. Fjöldi íláta við sérbylí eru því frá einu upp í fjögur. Bláar tunnur fyrir pappír eru í dag við um 70% íbúðarhúsa og grænar tunnur við um 40% íbúðarhúsa í Reykjavík.

Með tillögunni hér að framan helst ílátafjöldi við heimili nær óbreyttur, ílátum fjölgar eingöngu þar sem eitt ílát er fyrir. Með að fara þessa leið er lágmarkaður kostnaður við kaup á nýjum



Ílátum. Skrifstofa umhverfisgæða hefur reiknað breytingar á ílátafjölda í borginni og lítur dæmið svona út:

	Gráar tunnur	Grænar tunnur	Bláar tunnur	Gráar spar-tunnur	Brúnar tunnur (140L)	Brúnar tunnur (240L)	Grá ker	Blá ker	Græn ker	Gráar/brúnar tunnur	Bláar/grænar tunnur
Breyting á fjölda	-14863	4569	-2583	-3317	5685	394	-447	-28	13	12619	8953

Með að fara sömu leið og í Hafnarfirði og skipta út öllum ílátum við sérbyli fyrir tvær tvískiptar tunnur þarf að kaupa fleiri tvískipt ílát sem eykur kostnað við kaup á ílátum um 9 m.kr. Verði farin sama leið og í Kópavogi þurfa íbúar að fara í breytingar á sorpgeymslum með tilheyrandi kostnaði sem erfið er að taka saman.

Tillagan sem lögð er fyrir umhverfis- og skipulagsráð er talin henta best í borginni vegna þeirra aðstæðna og hirðufyrirkomulags sem fyrir er. Samþykki ráðið tillöguna verður hún regla við útskipti á ílátum en íbúar geta óskað eftir breytingum á tunnufjölda og samsetningu í kjölfar breytinganna. Hins vegar verður skylda að hafa ílát fyrir alla fjóra úrgangsflokkana – blandað sorp, pappír, plast og lífrænan eldhúsúrgang.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða